

129 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
 15. okt. ingar á frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. —
 Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. ág. p. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað
 frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem sam-
 þykkt var á alþingi 1885 og sem síðan var, samkvæmt fyriræmum 61. gr. í stjórna-
 skrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 rætt á alþingi því, er saman
 kom í sumar og þar samþykkt óbreytt.

I konunglegri auglýsingu þeirri til Íslendinga 2. nóvbr. f. á., sem út var gefin
 í tilefni af því, að stjórnarskipunarlaga-frumvarpið var samþykkt í fyrra skiptið, var það
 birt, að enda þótt svo færi, að stjórnarskipunarlaga-frumvarp þetta yrði samþykkt af
 nýju á hinu nýkosna alþingi, mundi það eigi geta hlotið staðfestingu konungs og voru
 ástæðurnar fyrir því teknar fram.

Samkvæmt þessu hefur hans hátign konunginum 29. f. m. allramildilegast
 þóknast eptir allraþegnsamlegastri tillögu ráðgjafans að fallast á, að tjeð frumvarp til
 stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands hljóti ekki staðfestingu konungs.

Þetta er eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra lands-
 höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

130 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörð. — Með
 26. okt. þessu brjefi veitti ráðgjafinn landshöfðingja heimild til samkvæmt lögum 8. jan. p. á.
 um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir, að selja þjóðjörðina Böggvers-
 staði í Eyjafjarðarsýslu með hjáleigunni Árgerði ábúandanum á Böggversstöðum Baldvin
 G. Þorvaldssyni fyrir verð það, 6500 kr., sem ákveðið er í nefndum lögum, og að öðru
 leyti með þeim skilmálum, sem þar eru teknir fram.

131 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörð. — Með
 5. nóv. þessu brjefi veitti ráðgjafinn landshöfðingja heimild til, samkvæmt lögum 8. jan. p. á.
 um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir, að selja þjóðjörðina Ásgerðar-
 staðasel í Skriðubreppi í Eyjafjarðarsýslu fyrir 900 kr., og að öðru leyti samkvæmt skil-
 málum þeim, sem fram eru teknir í tjeðum lögum, sbr. lög 8. nóv. 1883.

132 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð. — Sam-
 6. nóv. kvæmt allraþegnsamlegustu tillögum ráðgjafans, eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef
 yðar, herra landshöfðingi, dags. 18. okt. p. á., hefur hans hátign konunginum þóknast
 í gær allramildilegast að fallast á, að bóndanum Birni Sigfússyni á Hofi í Vatnsdal
 verði seld jörðin Grímsunga, eign Undirfells prestakalls í Húnavatns prófastsdæmi, á-
 samt afrjettarlandinu Grímsunguheiði, fyrir 6500 kr., sem að helmingi greiðist þegar í
 stað, en að hinn helmingur kaupverðsins megi standa í jörðinni gegn fyrsta veðrjetti í
 henni og 4% í vöxtu á ári, og með þeim skilyrðum, að kaupandi láti af hendi hæfi-
 legt rjettarstæði í afrjettarlandinu, til þess að fjenu af Grímsunguheiði verði smalað
 þangað á haustin, og að hann enn fremur greiði tíund af jörðinni eptir kaupun og
 önnur opinber gjöld, sem á bændaeygnum hvíla.